



Mánudaginn 3. júní 2013 kom fræðslunefnd Húnavatnshrepps saman til fundar kl. 20.30 á skrifstofu Húnavatnshrepps.

Fundinn sátu: Birgir Ingbórsson, Jón Gíslason, Eline Manon Schrijver, Ingibjörg Jónsdóttir, Sveinfríður Halldórsdóttir, Jóhanna Stella Jóhannsdóttir, Þórunn Ragnarsdóttir, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Sigríður B. Aadnegard og Jens P. Jensen.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. Skýrsla skólastjóra.
3. Skóladagatal fyrir grunn- og leikskóla og kennslustundakvóti.
4. Önnur mál.

1. Fundarsetning.

Formaður setti fund kl. 20.44 og bauð fundarmenn velkomna.

2. Skýrsla skólastjóra.

8. maí var útskriftardagur í leikskólanum 4. nemendur útskrifuðust. 13. maí var vordagur hjá elstu nemendum Vallabóls og nem. í 1.-4. bekk. Páll Ingbór Kristinsson frá Skógræktarfélagi Austur-Húnavetninga kom og leiðbeindi við gróðursetningu. 1-4 bekkur fóru vorferð í byggðsafnið á Reykjum 5-8. bekkur fóru í vorferð í samgöngusafnið í Skagafirði og á fl. staði. 9-10. bekkur fóru til Kaupmannahafnar og á forkeppni Euorovision í Malmö. Lokadagurinn í skólanum var með hefðbundnu sniði. Nokkur umræða var um vorverkefni í skólanum.

3. Skóladagatal fyrir grunn- og leikskóla 2013-2014, ásamt kennslustundakvóta.

Skólastjóri lagði fram skóladagatal grunnskóla 2013-2014. Gert er ráð fyrir að skólasetning grunnskóla verði 22. ágúst 2013. Starfsdagur kennara utan skólatíma verða 8. Vorverkefni byrjar 13. maí 2014. Skólaslit verða 26. maí 2014.

Fræðslunefnd samþykkti fyrirbyggjandi skóladagatal fyrir næsta skólaár.

Lagt var fram skóladagatal leikskóla skólaárið 2013-2014. Leikskóli hefst eftir sumarlokun með starfsdegi þann 9. ágúst n.k. nemendur mæta 12. ágúst. Sumarfrí leikskóla hefst svo 23. júní 2014. Fræðslunefnd samþykkti fyrirbyggjandi skóladagatal fyrir næsta skólaár. Skóladagatölin verða aðgengileg á heimasíðum skólana.

Fræðslunefnd leggur til að kennslustundakvóti verði allt að 218 stundir á viku skólaárið 2013-2014.

4. Önnur mál.

Fræðslunefnd felur skólastjóra að hvetja foreldara til að sækja um fyrir nýja nemendur í leikskólanum fyrir næsta skólaár, sem fyrst með auglýsingu.

Fræðslunefnd leggur til að sveitarfélagið taki við rekstri mótuneytis Húnavallaskóla frá og með næsta skólaári. Uppgjör mótuneytisins verður lagt fyrir á næsta fundi fræðslunefndar.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi var slitið kl. 21.55